

Samkomulag um auðkenningu í gegnum ÍSLAND.IS inn á kennitölumiðaða þjónustuvefi

1. Aðilar samkomulagsins

a. umsjón með auðkenningu

b. aðili sem auðkennt er fyrir

2. Lýsing á þjónustu

ÍSLAND.IS er eitt af meginverkefnum í stefnu ríkisstjórnar Íslands um upplýsingasamfélagið 2013-2016. Undir merkjum þess er boðið upp á innskráningarþjónustu, nú með Íslykli og rafrænum skilríkjum, en einnig ýmsa aðra þjónustu eins og „Mínar síður“ þar sem einstaklingar geta fengið aðgang að persónubundnum upplýsingum. ÍSLAND.IS er í umsjón og rekstri hjá Þjóðskrá Íslands.

Þjónusta 1: Innskráning

Samkomulag þetta er gert við aðila sem vilja nýta sér miðlæga innskráningarþjónustu á vefnum ÍSLAND.IS inn á eigin þjónustuvefi. Um er að ræða miðlægt innskráningarviðmót þar sem hægt er að nota rafræn skilríki á snjallkorti eða Íslykil frá Þjóðskrá Íslands. Merki þess sem auðkennt er fyrir er birt í viðmótinu ásamt merki ÍSLAND.IS. Að auðkenningu lokinni er notanda skilað inn á þjónustuvef. Ef þess er óskað er hægt að auðkenna inn á fleiri en einn vef, t.d. inn á þróunarvef.

Þjónusta 2: Innskráning frá mínum síðum á ÍSLAND.IS

Einnig felst í þessu samkomulagi að innskráðum notendum á mínum síðum á ÍSLAND.IS er gert kleift að fara beint inn á aðra kennitölumiðaða þjónustuvefi eftir að hafa skráð sig inn á „Mínar síður“ á ÍSLAND.IS. Með því er notendum auðveldað að ferðast á milli þjónustuvefja án þess að þurfa að endurtaka innskráninguna á hverjum stað.

3. Skyldur aðila

Aðili sem óskar eftir að gera vef sinn aðgengilegan með innskráningarkerfi ÍSLAND.IS ber áfram ábyrgð á öryggi upplýsinganna í sínum eigin vefkerfum, þar með talið réttleika upplýsinga, leynd, aðgengileika og rekjanleika. Ef aðili úthýsir kerfum eða umsjón kerfa til þriðja aðila ber honum að tryggja framangreint í samkomulagi sínu við slíka þjónustuaðila. Þjóðskrá Íslands ber ábyrgð á að sú auðkenning sem í notkun er á ÍSLAND.IS sé örugg og allar upplýsingar í samskiptum á milli vefja í gagnaflutningi séu dulkóðaðar.

Til að tryggja öryggi og traust innskráningarþjónustu Ísland.is, þá ábyrgjast þeir sem forrita á mótí þjónustunni að óska aldrei eftir að Íslykill eða aðrar upplýsingar vegna auðkenningar séu slegnar inn á vefjum þeirra, heldur kalli ætíð á innskráningarþjónustu Ísland.is og þar fari

innskráningin fram. Eins má ekki hjúpa innskráningargluggann með neinum hætti, því mikilvægt er að notendur upplifi gluggann sem öruggt svæði, ótengt þeim vef sem verið er að tengjast.

4. Öryggismál

Við gagnaflutning er notað almennt gagnaflutningsnet en til auðkenningar á notendum er krafist rafrænna skilríkja eða Íslykils. Upplýsingar eru fluttar um dulkóðaða rás beint frá aðila sem auðkennt er fyrir til notanda. Öryggisráðstafanir miðast við að upplýsingar séu ólæsilegar í flutningi, jafnvel þótt tölvuprjótur komist inn í netsamskipti eða ef bilun verður í tækjabúnaði. Þjóðskrá Íslands f.h. ÍSLAND.IS fylgir öryggisstefnu sem byggð er á ISO 27001:2005 sem er grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis nær til starfsmanna, starfsstöðva, þjónustu, eigna, upplýsinga og búnaðar sem Þjóðskrá Íslands hefur umsjón með eða felur öðrum að sjá um í sínu nafni. Þjóðskrá Íslands hlaut í febrúar 2006 vottun frá Bresku staðlastofnuninni, BSI, samkvæmt ISO 27001:2005 staðlinum um stjórnun upplýsingaöryggis og hefur haldið vottuninni síðan.

5. Fyrirvarar og ábyrgð

Þjóðskrá Íslands ber ekki ábyrgð á því tjóni sem kann að orsakast beint eða óbeint vegna galla eða bilunar í endabúnaði, tengingu við Internetið, þeim hugbúnaði sem nauðsynlegur er til tengingar við innskráningarkerfið, vafra eða stýrikerfi þjónustuveitanda og/eða notanda, eða af öðrum ástæðum svo sem vegna tæknibilana eða truflana í rekstri tölvu- og/eða viðskiptakerfa þjónustuveitanda og/eða notanda.

Þjóðskrá ber ekki ábyrgð á tjóni sem hljótast kann af hvers konar utanaðkomandi misnotkun á þeim upplýsingum sem fara milli þjónustuveitanda og notanda, svo sem ef þriðji aðili brýtur sér leið að þeim upplýsingum, hvort sem er í gegnum tölvukerfi þjónustuveitanda, Þjóðskrár Íslands og/eða notanda.

Þjóðskrá Íslands ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlýst af vanþekkingu, misskilningi eða misnotkun þjónustuveitanda og/eða notanda eða annars aðila með eða án umboðs notanda. Þjóðskrá Íslands ber ekki ábyrgð á tjóni sem hlotist getur af röngum færslum notanda eða annars aðila eða tjóni sem rekja má til utanaðkomandi atvika, t.d. rangra utanaðkomandi upplýsinga o.þ.h.

Þjóðskrá Íslands ber aðeins ábyrgð á tjóni viðskiptamanns ef rekja má tjónið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis starfsmanna Þjóðskrár Íslands.

6. Fjármál

Þjóðskrá Íslands greiðir fyrir uppsetningu í innskráningarkerfi ÍSLAND.IS. Sá aðili sem auðkennt er fyrir greiðir fyrir þann hluta sem snýr að eigin kerfum. Rekstur innskráningarkerfisins á ÍSLAND.IS er aðila sem auðkennt er fyrir að kostnaðarlausu.

7. Rekstraröryggi

Báðir aðilar samkomulagsins skuldbinda sig við að leggja sig alla fram við að stuðla að öruggum rekstri innskráningarkerfisins og vinna sameiginlega að viðgerðum ef rekstrartruflanir verða. Enn fremur skuldbinda aðilar sig til að láta hvor annan vita ef rekstrartruflanir eru fyrirsjáanlegar. Verði annar hvor aðili fyrir hindrunum við að uppfylla samkomulagið gagnvart hinum aðilanum, af ástæðum sem honum eru óviðráðanlegar frestast viðkomandi skyldur til þess tíma er slíkar hindranir eru afstaðnar og aðilar samkomulagsins geta uppfyllt umsamdar skyldur sínar.

8. Gildistími samkomulagsins

Samkomulag þetta er ótímabundið með sex mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti, sem gildir frá næstu mánaðarmótum. Þjóðskrá Íslands er heimilt að gera breytingar á efni samningsins, ef þörf er á, og skal tilkynna um efni breytingar með sex mánaða fyrirvara. Berist ekki athugasemd innan þess tíma telst breytingin vera hluti samningsins.

9. Trúnaður og þagnarskylda

Báðir aðilar samkomulagsins skulu stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs og að tryggja áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga skv. lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

10. Framsal samkomulags

Hvorugur aðili getur án skriflegs samþykkis hins afhent réttindi sín og skyldur samkvæmt samkomulagi þessu í hendur þriðja aðila.

11. Undirritun

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum. Hvort um sig telst fullgilt frumrit samkomulagsins og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 01.1.2112

Hafðu samband við island@island.is til að gera samning.